



97. stjórnarfundur

Dagsetning	18.12.2025
Tími	17:00
Fundi lauk	18:18
Staðsetning	Flugvelli 33

Stjórnarmenn boðaðir:

Trausti Arngrímsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Einar Jón Pálsson, Birgir Örn Ólafsson, Birgitta Rún Birgisdóttir, og Eypór Rúnar Þórarinsson slökkviliðsstjóri.

Forföll: Sigursveinn Bjarni Jónsson.

Dagskrá fundar

1. Skýrsla slökkviliðsstjóra 1
2. Staða fjármála 1
3. Samningur við SÍ vegna sjúkraflutningar á suðurnesjum. 1
4. Erindi frá HSS 2
5. Önnur mál 2

Fundagerð

1. Skýrsla slökkviliðsstjóra

Slökkviliðsstjóri fer yfir tölfræði fyrir nóvember. Verkefni slökkviliðs voru 20 og verkefni sjúkrabíls voru 328.

Slökkviliðsstjóri kynnir fyrir stjórn nýja samninga við HMS. Samningur um leigu og kennslu á Flaim sýndarveruleikabúnaði fyrir slökkvilið á landsvísi í samvinnu við SHS. Samningur um þóknun fyrir kennslu slökkviliðsmanna í grunn og framhaldsnámi.

2. Staða fjármála

Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu fjármála.

3. Samningur við SÍ vegna sjúkraflutningar á Suðurnesjum.

Farið var yfir stöðu samningaviðræðna við Sjúkratryggingar Íslands vegna sjúkraflutninga. Unnið hefur verið að mótun nýs og heildstæðs samnings á árinu, en ljóst er að ekki reynist unnt að ljúka þeirri vinnu fyrir árslok. Því er talið nauðsynlegt að gera tímabundinn samning á meðan viðræður halda áfram.



Heilbrigðisráðuneytið hefur kynnt áform um breytingar á framlögum til sjúkraflutninga á Suðurnesjum. Fyrirliggjandi samningsdrög frá Sjúkratryggingum Íslands gefa tilefni til frekari umræðu, þar sem þau kunna að hafa áhrif á fjárhagslegar forsendur reksturs sjúkrabíla og þar með á umfang og fyrirkomulag þjónustunnar við íbúa svæðisins.

Talið er að samþykkt samningsdraganna gæti leitt til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélögin, sem ekki er talið forsvaranlegt. Áhersla er lögð á að tryggja áfram fullnægjandi og örugga sjúkraflutningaþjónustu á Suðurnesjum.

Slökkviliðsstjóra falið að halda málinu áfram til frekari umræðu við Sjúkratryggingar Íslands.

4. Erindi frá HSS

Lagt er fyrir fundinn erindi frá HSS sem snýr að ógreiddum greiðslum sjúkraflutninga á árunum 2021 til 2024. Slökkviliðsstjóra falið að vinna málið áfram við HSS.

5. Önnur mál

Ráðningarkjör slökkviliðsstjóra. Formanni stjórnar falið að ganga frá samningi við slökkviliðsstjóra.